

Fundur samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar og Sálfræðingafélag Íslands þann 16. apríl 2014 kl. 00:30 haldinn í húsakynnum Ríkissáttasemjara Borgartúni 21.

Mættir:

F.h. Félags: *Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir, Sandra Guðlaug Zarf, Kristbjörg Þórisdóttir og Tryggvi Guðjón Ingason.*

F.h. Reykjavíkurborgar: *Guðfinnur Þór Newman og Lóa Birna Birgisdóttir*

1. Aðilar hafa hafið sameiginlega vinnu við endurskoðun á starfsmatskerfinu SAMSTARF. Reykjavíkurborg hefur samhliða þeirri vinnu rýnt forsendur starfsmatskerfisins og þær breytingar sem nýlega hafa orðið á því hjá sveitarfélögum í Bretlandi. Sérstaklega var horft til niðurstöðu sameiginlegrar endurskoðunarvinnu sveitarfélaga og stéttarfélaga í Bretlandi sem nýlega hefur farið fram. Á þeim forsendum tryggir Reykjavíkurborg að neðangreind störf taki eftirfarandi hækkunum. Við þennan útreikning er miðað við efsta þrep grunnlaunaflokks hvers starfs miðað við launatöflu starfsmatsfélaga sem tók gildi 1. mars 2013.

| Starfsheiti | hækkun | Fjöldi |
|---|--------|--------|
| VEL 8570 deildarstjóri þjónustumiðstöð. | 4% | 7 |
| VEL 8570 sálfræðingur 1 Barnavernd. | 6% | 2 |
| VEL 8570 verkefnisstjóri þekkingarmiðstöð. | 7% | 1 |
| VEL 8570 sálfræðingur 2 | 9% | 35 |
| VEL 8570 sálfræðingur 1 | 4% | 4 |
| VEL 8570 forstöðumaður búsetuþjónustu f\ geðfatlaða | 4% | 1 |
| VEL 8570 forstöðumaður unglingsmiðja. | 4% | 1 |
| VEL 8570 Ráðgjafi við sérkennslu | 9% | 1 |

Aðilar eru sammála um að fyrrgreind breyting komi til framkvæmda þann 1. júlí 2014 og gildi frá 1. febrúar 2014. Leiði endurskoðunarvinna starfsmatsins til frekari breytinga munu þær koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. nóvember 2014 og gilda frá 1. febrúar 2014.

Fyrrgreindar breytingar öðlast gildi samhliða samþykkt samnings um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila sem undirritaður var 16. apríl 2014.

2. Aðilar eru sammála um að komi í ljós, við endurskoðun starfsmatskerfisins SAMSTARF að föst laun félagsmanna Sálfræðingafélags Íslands í störfum sálfræðings 1 og 2, í sérfræðiþjónustu skóla, séu lakari en föst laun samanburðarstétta í sérfræðiþjónustu við skóla, (til dæmis kennsluráðgjafar) verði gripið til viðeigandi ráðstafana og ómálefnalegur launamunur (út frá viðurkenndum skilgreiningum) leiðréttur frá gildistíma samnings um breytingu og framlengingu á

GFW
GFW

kjarasamningi aðila sem undirritaður var 16. apríl 2014. Verði um leiðréttingu að ræða skal hún fara fram eigi síðar en 1. desember 2014.

3. Reykjavíkurborg mun stofna ný störf sálfræðings 3 og sálfræðings 4 í samræmi við þá vinnu sem starfshópur um störf sálfræðingar vann árið 2013. Störfin verða stofnuð með gildistíma 1. ágúst 2014.
4. Aðilar eru sammála um að eingreiðslur sem greiddar eru samkvæmt samningi um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila sem undirritaður var 16. apríl 2014 verði á samningstímanum greiddar starfsmönnum í fæðingarorlofi.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl 00:45

Ejo Newman
Jón Birni Brynættur

Sandra G. Zorff
Guðjón Pálfur